

Árnesi 12.nóvember 2018

Fundur vegna opnun tilboða í veiðirétt í Fossá fyrir árin 2019-2022 að öllum árum meðtöldum.

Mættir eru:

Jóhann Birgisson og Helgi Guðbrandsson fyrir hönd óstofnaðs félags. Siggi og Gunnar Örn Petersen fyrir hönd Fish Partner. Trausti Jóhannsson, Skógarvörður frá Skógræktinni sem ritar fundargerð og Kristófer Tómasson, Sveitarstjóri Skeið- og Gnúpverjahrepps, sem stýrir fundi og les upp tilboðin.

Borist hafa fimm tilboð, frá þremur aðilum.

Opnun tilboða hefst kl 16:05. Kristófer opnar og les upp tilboðin.

Fyrst er opnað tilboð frá Jóhanni og Helga fyrir hönd óstofnaðs félags.

Tilboðið hljóðar upp á 8.520.000,- kr fyrir öll árin eða 2.130.000,- kr fyrir hvert á fyrir sig. Að auki nefnt að flytja laxapör upp yfir Hjalparfoss að andvirði 250.000,- kr per ár.

Næst er opnað umslag frá Fish Partner.

Alls eru tilboð frá Fish Partner þrjú talsins.

1. Er í bara veiðirétt. Alls 8.520.000,- kr eða 2.130.000,- kr fyrir hvert ár fyrir sig.
2. Með seiðasleppingum. Alls 12.080.000,-, þar af í seiðum 4.800.000,-, 80,- kr per seiði.
3. Frávikstilboð. Alls í sjö ár. Með seiðasleppingum. Alls 14.910.000,- kr í peningum, 9.600.000,- kr í seiðum.

Einnig eru viðaukar og ítarupplýsingar. Einnig er viljayfirlýsing til samstarfs við Magnús Orra Schram vegna hótelsbyggingar í Þjórsárdal.

Að lokum er opnað tilboð frá Guðmundi Atla Ásgeirssyni, Flyfishing.com, í samstarfi við Magnús Orra Schram. Þeir eru ekki viðstaddir fundinn. Tilboðið hljóðar upp á alls 10.205.000,- kr og skiptist eins og sjá má hér að neðan eftir árum:

2019: 2.500.000,- kr

2020: 2.550.000,- kr

2021: 2.550.000,- kr

2022: 2.650.000,- kr

10.205.000,- heildarupphæð yfir veiðitímabilið.

Áætlað er að flytja, ef leyfi fæst, 500 laxa frá Urriðafossi upp fyrir Hjalparfoss í samstarfi við Icelandic Outfitters. Áætlaður kostnaður við laxaflutning 4-7 milljónir á ári.

Nú hafa öll tilboð verið opnuð. Skapast nokkrar umræður um tilboðin og málin rædd lítillega.

Að því loknu er fundi slitið.

Trausti Jóhannsson